

Kópavogi, 24. febrúar 2013.

Nefndasvið Alþingis,
Atvinnuveganefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, mál 570.

Sjávarútvegur er undirstöðu atvinnugrein á Íslandi og fyrir líf skjör þjóðarinnar skiptir verulegu máli að sjávarútvegur sé rekinn með sem hagkvæmustum hætti, annað leiðir óhjákvæmilega til skerðingar á líf skjörum þjóðarinnar. Það er því ekki að undra að af þeim 6 markmiðum laganna sem tilgreind eru í 1. gr. frumvarpsins skuli a.m.k. þrjú þeirra (a, e og f) snúa að því. Til lengri tíma ættu einnig markmið b og c – liða einmitt að nást með því að hámarka arðsemi greinarinnar. Markmið d liðar er óræðara.

Frumvarpið gerir ráð fyrir enn meiri úthlutun í potta til pólitískrar úthlutunar en nú þegar er og aukinni skerðingu aflahlutdeilda hjá starfandi sjávarútvegsfélögum. Við teljum að það sé ekki rétt stefna til að ná framangreindum markmiðum. Við teljum einnig að ráðherra fái of víðtæk völd til ráðstöfunar úr þessum pottum. Þetta mun án efa verða á kostnað hagkvæmni og arðsemi í sjávarútvegi. Þannig er hætt við að verr rekin félög fái aðstoð með úthlutun úr pottum á kostnað betur rekinna félaga sem ekki eru talin þurfa aðstoð. Verði það til að skapa ný störf umfram þau sem tapast annars staðar, þá er það einungis vegna þess að reksturinn er gerður óhagkvæmari. Það leiðir einnig til þess að fjárfestingar verða óhagkvæmari. Þegar upp er staðið er þetta á kostnað líf skjara almennings í landinu.

Frumvarpið leiðir til enn meiri álaga á starfandi sjávarútvegsfyrirtæki sem þegar hafa þurft að taka á sig verulegar byrðar í formi veiðigjalda, sem eru þegar að sliga mörg félög en veiðigjöldin eiga eftir að stórhækka á næstu árum. Þar af leiðandi leiðir frumvarpið einnig til að eigið fé og verðmæti þessara félaga minnkar enn, greiðslugeta þeirra minnkar til skaða fyrir fjárfestingar þeirra og heimtur fjármálafyrirtækja, en einnig til skaða fyrir starfsmenn þeirra. Frumvarpið og lögin um veiðigjald munu einnig leiða til að fjármögnun sjávarútvegsfyrirtækja og fjárfestinga þeirra verða mun erfiðari en verið hefur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir aukinni úthlutun aflaheimilda til strandveiða. Samkvæmt skýrslu Hagstofu Íslands, Hagur veiða og vinnslu 2011, sem gefin var út 20. desember 2012 voru strandveiðar reknar með tapi á árinu 2011 einn útgerðarflokkur. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) var 8,6% af tekjum í strandveiðum en lægst 17,1% hjá öðrum útgerðarflokkum. Af hverri milljón sem afli skapaði í tekjur töpuðust því a.m.k. 85.000 krónur í beinni framlegð með að færa afla frá næst óhagkvæmasta útgerðarflokknum yfir á þann óhagkvæmasta. Strandveiði aflaheimildir voru þó ekki allar teknar af þeim flokki heldur að stærstum hluta af útgerðarflokkum sem skila enn betri framlegð. Slíkt framlegðartap nam því samtals að lágmarki 183 milljónum á árinu 2011 skv. fyrrgreindum upplýsingum. Tapið er þó mun meira þegar haft er í huga að meðferð afla er verri í strandveiðum þannig að tekjur eru lægri og að ekki sé talað um þá sóun sem á sér stað í aukalegum fjárfestingum við strandveiðar.

Framangreint er ekki sett fram til að ráðast á strandveiðar eða pólitíska úthlutun heldur til að velja upp þeirri spurningu hvort það sé rétt stefna að nota sjávarútveg eins og félagsmálastofnun. Væri ekki í þess stað mun nær og hagstæðara fyrir þjóðina þegar upp er staðið að nota skattfé af vel reknum sjávarútvegi m.a. til að ná fram þeim félagslegu markmiðum sem frumvarpinu er ætlað að ná fram.

Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins er aflahlutdeildum ráðstafað til 20 ára frá upphafi fiskveiðiársins 2013/2014. Ákvæði frumvarpsins leiða til að þeir aðilar sem hafa eignfærðar keyptar aflaheimildir í ársreikningum verða að afskrifa þær línulega á þessum 20 árum. Einnig þarf að afskrifa aukalega ef virðisrýrnunarpróf leiðir í ljós að áætlaður framtíðar rekstur út þennan tilgreinda tíma stendur ekki undir bókfærðu verði aflaheimildanna og annarra eigna sem nauðsynlegar eru fyrir reksturinn. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar í ritinu „Hagur veiða og vinnslu 2011“ þá eru bókfærðar aflaheimildir í ársreikningum sjávarútvegsfélaga samtals um 225 milljarðar króna. Þetta þýddi ríflega 11 milljarða gjaldfærslu á ári miðað við línulega afskrift, en líklegt að sjávarútvegsfélög þurfi að gjaldfæra mun meira í upphafi vegna virðisrýrnunar, sem leiðir bæði af ákvæðum þessa frumvarps, sem og lögum um veiðigjöld. Til að setja þetta í samhengi má benda á að bókfærðar heildar afskriftir sjávarútvegs á varanlegum rekstrarfjármunum árið 2011 voru 12 milljarðar.

Við framlagningu frumvarpa fyrir tæpu ári síðan um stjórn fiskveiða og um veiðigjöld var gert ráð fyrir að skattalegar bókfærðar aflaheimildir yrðu afskrifaðar línulega á 20 árum og yrði sú gjaldfærsla frádráttarbær frá skattskyldum tekjum. Ekki er minnst að neitt slíkt í þessu frumvarpi og af lokaorðum í erindi Ríkisskattstjóra nr. Þ 141/1673 um þetta mál nr. 570, má sjá að hann túlkar það þannig að þá standi ekki til að slíkt ákvæði komi inn í lög um


Deloitte.

tekjuskatt. Við teljum hins vegar að slíkri breytingu þyrfti nauðsynlega að koma inn í lög nr. 90/2003 um tekjuskatt verði niðurstaðan að ráðstafa aflahlutdeildum til 20 ára.

Sjávarútvegur er fjöregg þjóðarinnar og það er óeðlilegt að gerðar séu stórar breytingar á grundvallar lögum um greinina án þess að fyrst hafi farið fram rækileg greining á hvaða þýðingu slík lagasetning kann að hafa fyrir starfandi sjávarútvegsfyrirtæki, rekstrar- og fjárhagslega stöðu og einnig samkeppnistöðu þeirra. Einnig þyrfti að kanna hvaða þjóðhagslegu áhrif lagabreytingin mun hafa og þá ekki síst á lífskjör þjóðarinnar til framtíðar.

Deloitte sendi inn ítarlega umsögn um frumvörp til laga um veiðigöld og frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, sem lögð voru fram á þingi vorið 2012. Frumvarpið um veiðigjöld var samþykkt sem lög með nokkrum breytingum. Núverandi frumvarp um stjórn fiskveiða er einnig aðeins breytt frá hinu fyrra frumvarpi. Það er mat okkar að áhrifin á sjávarútveg, eftir að lögin verða komin til fullra framkvæmda, séu ekki umtalsvert önnur en komu fram í umsögn okkar sem við sendum Atvinnuveganefnd 20. apríl 2012. Við viljum því ítreka það sem fram kom og einnig það að áhrifin af þessu frumvarpi og lögnum um veiðigjald verður að skoða í samhengi. Við gagnrýnum jafnframt þann stutta tíma sem veittur var til umsagna og teljum að nauðsynlegt sé að gera ítarlega úttekt á áhrifum þessa lagafrumvarps og laganna um veiðigjöld á sjávarútveg.

Virðingarfyllst,
F.h. Deloitte ehf.



Birkir Leósson.